



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/358
komudagur 2.12.2005

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Hlívar Lilju Sigfúsdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. nóvember 2005

Efni: Frv. til l. um br. á l. um tekju- og eignarsk. nr. 90/2003 (326.mál).


Viðskiptaráð Íslands þakkar nefndinni það tækifæri að fá að veita umsögn um framangreint frumvarp sem felur í sér hækkun sjómannaafsláttar til samræmis við hækkun persónuafsláttar.

Enginn rök standa til þess að sjómenn þurfi ekki að borga hlutfallslega eins háa skatta eins og aðrir. Sjómannaafsláttur er því fremur fyrirbæri sem ætlað er að vera styrkur við útgerð til að lækka launakostnað hennar. Enginn rök standa heldur til slíkrar styrkveitingar til útgerðarinnar umfram aðrar atvinnugreinar, einkum á sama tíma og útgerðin þarf að sæta sértækri skattlagningu umfram aðrar atvinnugreinar, svo sem með auðlindagjaldi. Er eðlilegast að slíkum sértækum aðgerðum linni, a.m.k. ætti að vera sjálfsögð krafa að ekki sé verið að auka slíkar aðgerðir.

Rök um að sjómannaafsláttur verði að fylgja hækkun persónuafsláttar standast ekki. Vegna þess hversu óheppilegt þetta fyrirkomulag er, væri eðlilegast að nota hækkunir persónuafsláttar til að lækka sjómannaafslátt hlutfallslega með því að hækka hann ekki. Það má einnig velta því upp hvort þetta fyrirkomulag standist jafnræðisreglu 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar.

Af framangreindum ástæðum leggst Viðskiptaráð gegn því að frumvarpið nái fram að ganga.

f.h. Viðskiptaráðs Íslands,


Davíð Þorláksson